

GAMAN OG ALVARA

Vísa og skýringar.

I

Einhverntíma fyrir löngu kom mér í hug, hvílíkur straumþungi er í orðinu Weltallentdeckungen, og hvernig það mætti nota í bundnu máli. Og er þess þar við að gæta, að ég held nú einmitt, að ég hafi gert alheimsuppgötvanir. Eða skýrar sagt: fundið sannindi, sem auka mannkyninu skilning á alheimi. Og ef menn væru nokkru þjóðræknari, þá mundi ekki þeirra fyrsta hugarhræring, þegar þeir sjá slíkt ritað, vera til óvildar, heldur mundi þeim koma í hug, að íslenskar alheimsuppgötvanir væru ekki ólíklegar til að hafa nokkra, jafnvel sérstaka, þýðingu fyrir íslenska þjóð, og þess vegna alveg sérstök ástæða fyrir þjóðrækinn Íslending til að gefa því nákvæmar gætur, hvort aðeins sé hér um að ræða greindarskort gamals fræðimanns, eða — eins og hverjum góðum manni og vitrum mun líklegra þykja — að það sé blátt áfram satt, sem sagt er.

II

En vísan er þannig:

Isländisch ist der
erste Philosoph der
Menschheit, der sóter
Helgi Pjeturss heisst er.
Weltallentdeckungen
hat er gemacht:
Natur des Träumens
Leben auf Sternen
Natur des Lebens nach dem Tode.

Og þá eru skýringarnar. Verður fyrst að athuga, að „erste Philosoph der M.“ þýdir hér ekki „fremsti heimspekingur mannkyns“, heldur blátt áfram fyrsti heimspekingurinn. Mér virðist sem í rauninni geti ekki verið um að ræða neitt, sem eigi skilið að heita heimspeki, á jörð þar sem ekki er til nein þekking á lífinu í alheimi, og líf eftir dauða aðeins trúaratriði — eða vantrúar — og þá vitanlega enginn verulegur skilningur til á því, hvernig lífinu eftir dauðann er háttað. Haldi nú einhver, að ég ætli að fara að reyna til að telja mönnum trú um, að ég sé mikill heimspekingur, þá misskilur hann mig. En það er víst, að mér hefir fyrst skilst — á vísindalegan hátt, er óhætt að segja — að vér erum hér á útjaðri vitheims, og að úr útjaðarseinangrun vorri verður að bæta, ef unnt á að verða að bjarga mannkyninu.

III

Meðal þess sem best sýnir, hversu gott vit hefir verið til hjá forfeðrum vorum, er orðtækið: engi er allra mestur. Til þess að svo væri, þyrfti einhver að vera öllu mestur, og það hefir enginn verið. T. d. var Kjartan Ólafsson enn á Sturlungaöld talinn einn mestur atgjörvismaður, er á Íslandi hafði fæðst. Það er sjálfur Snorri, sem oss er þar heimild. Og er trúlegt, að Kjartan hafi verið hinum fræga föður sínum ekki síðri um fríðleik, en sennilega stærri og sterkari. Hefir hann sótt það til Egils afa síns, sem að vexti og afli var tröllum líkari en mönnum. En af sögunni er bersýnilegt, að Kjartan hefir að viti og göfgi hugarfarsins ekki verið jafningi föður síns, og er hætt við, að ætt frá Agli hafi einnig þar nokkru um valdið; því að vitmaður var Egill að vísu mikill, en göfugmenni er ekki hægt að kalla hann.

Annað orðtæki, sem ég dáist mjög að, er þetta: Hefir hver til síns ágætis nokkuð, og er að finna í Njálu, eins og búast mátti við.

Því fremur sem maður hefir einhvern snefil af viti, því ljósara verður honum, hve mjög mikið vantar á að vel sé um hann í því efni, og því síður er, þar af leiðandi, nokkur hætta á, að hann ofmetnist. En hinsvegar hættir honum því

síður við að láta vanmat annarra aftra sér frá að sjá til sanns, að honum hafi þó, þrátt fyrir allt, tekist að ávinna eitthvað í þeim eftirnum, sem hann hefir ástundað, því meir sem hann er eitthvað í áttina til þess að geta heitið vitmaður.

IV

Þess ber vel að gæta, að í vísunni er orðið sóter ekki nafnorð, heldur lýsingarorð og þýðir því ekki salvator, heldur salutaris. Er með því átt við það, hversu mjög það mundi horfa öllu mannkyni til heilla, að færa sér í nyt þann sannleika, sem Nýall dregur nafn af.

Ég hefi í vísu þessari, eins og í latínuvísunum í Framnýal, — sem ég setti saman vegna þess, hve miklar mætur ég hefi á þeirri tungu og þeim bragarhætti — verið að reyna til að segja mikið í stuttu máli. En sumt það þýðingarmesta hefir þó orðið útundan og skal nú vikið að því nokkuð.

Ég hefi ekki getað orðið þess var, að neinn af þeim vitringum, sem ég hefi verið að leita til um skilning á eðli tilverunnar — og sem enginn má láta sér til hugar koma, að ég sé ekki þakklátur — hafi gert sér ljóst, það sem mér virðist aðalatriðið, það sem kalla mætti tilgang heimsins og lífsins. Platón kallar heiminn Zón mega, geisimikla lifandi veru; en það er einmitt það sem heimurinn er ekki, en á að verða. Það væri í hættulegasta lagi að ímynda sér að sjúklungur, sem kominn er á heljarþróm, en þó mætti bjarga, ef rétt væri að farið, sé nú einmitt heilbrigður. En svo er um vora jörð og vort mannkyn, og óteljandi önnur mannkyn í alheimi, á jörðum sem líkjast vorri. Náttúran er í slíkum stöðum sjúk, framvindan röng, helstefnan ræður. Það er á þessu, sem ráða þarf bót. Og það er ekki gert með því að aðhyllast einhver trúarbrögð, heldur verður að skilja, hvert allan átrúnað er að rekja, og hvað þar er nokkurs vert og hvað einskis, eða verr en það. Mannkyn sem hefir trúarbrögð og á í styrjöldum, er ekki komið á sanna framfaraleið. Og um vort mannkyn má segja meira. Hér er glötunin fyrir dyrum, ef ekki tekst að koma til vor hjálps frá fullkomnari mannkynjum annarra jarða. En til þess að það geti orðið,

þarf, vorrar handar, tiltekið lágmark þekkingar. Frá ótal jörðum alheimsins, þar sem komið er á rétta leið, er til vor horft með einlægri ósk þess, að oss geti tekist að vitkast, og einlægri viðleitni í þá átt. Og þetta er ekki einungis vor vegna. Krafturinn, sem er að leitast við að skapa góðan heim úr möguleikum hins illa, á hér við erfiðleika að stríða, sem nálega eru ósigrandi. Svo erfitt er á þessum útjaðri að koma vitinu fram. En takist það hér á jörðu, þá þýðir það alheims-sigur. Á óteljandi jörðum öðrum, mun þá einnig verða komist á þá leið, sem er hin rétta, leiðin til sigurs á dauðanum, og sífellt vaxandi fullkomnumar. Og í ótal myrkheimum, þar sem lífið er gersamlega á afvegum, mun þá stefna til auðnar. Innflutningur frá frumlífsjörðum — slíkum sem vor er — mun þá hætta, og miklu auðveldara verða að koma fram í hinum illu stöðum, hjálp til að komast á leiðina uppá-við, slíkri sem nokkuð er sagt hér af í sögu Frímanns. Og verður þó vitanlega hver illvirki að gjalda þá skuld, er orðin er.

Það er nú þetta lágmark þekkingar, sem ég er að reyna til að fá menn til að þiggja. Vér þurfum að vita af lífinu á öðrum jörðum alheimsins, og leita sambands við það. Að trúá á andaheim stoðar ekki, eins og löng og margvísleg reynsla hefur nógsamlega leitt í ljós. Vér þurfum að læra að lifa þannig, að auðveldara verði um samband við hina fullkomnari á öðrum jörðum. Er þar aðalatriði að læra að meta sannleikann. Láta það ekki fæla sig, eða koma sér svo mjög á óvart, þó að sá sem hin þýðingarmestu sannindi leiðir í ljós, sé ekki neinn af miklu mönnumnum á jörðu vorri. Gæta þess, að þeir sem hin þýðingarmestu sannindi birtu mannkyninu, eða leituðust við að birta, voru aldrei í tölu hinna miklu manna sinnar samtíðar, aldrei í tölu þeirra, sem vol dugir voru og auðugir. Menn hafa hér á jörðu getað orðið miklir menn og raunar mestir, á ránum og manndrápum, en aldrei á því að leiða í ljós þau sannindi, sem mannkyninu helst horfðu til blessunar. Og það er mjög mikilsvert til aukins skilnings á mannkynssögunni, að hugleiða, hvernig þetta sem nú er að gerast, er einmitt útkoman af því, að allt

annað hefir hér á jörðu verið meira metið en sannleikurinn og þeir sem hans leituðu.

V

Ég er nú kominn á elliár og ógert þó mikið af því sem ég hefi ætlað mér að vinna og þarf að geta unnið. Ég vil geta sagt af „eigin sjón og heyrn“, — eins og Swedenborg kemst að orði — frá því lífi á öðrum jarðstjörnum, sem er líf eftir dauða. Mundi slíkt geta orðið til að greiða mjög fyrir skilningi, og nauðsyn skilnings. En til þess að þetta geti orðið, þarf mér að hlotnast slíkt samband við íbúa stjarnanna, sem sumir hinir vitrustu menn, eins og t. d. Pýþagóras og Swedenborg urðu aðnjótandi en ekki gat þó orðið að fullum notum þá, af því að hina nauðsynlegustu undirstöðuþekkingu vantaði. Og ég veit gjörla, hvað það er sem þarf til þess að mér auðnist að hljóta slíkt samband. En það er nægileg beiting greindarinnar gagnvart mér, af hálfu nægilega margra. Hér ræðir um náttúrulögðmál, sköpun sérstaks aflsvæðis. Það er eitt af því, sem merkilegt er í sögu Jesú, og öll líkindi til að satt sé sagt, að hið merkilega samband, sem þessi mikli spámaður hafði haft — og vitanlega var samband við einhvern á annarri jörð — bregst honum, þegar fjöldinn af lærisveinum hans fer að halda, að hann sé orðinn brjálaður, og yfirgefur hann, en þeir fáu, sem eftir eru, fylgja honum þó aðeins af hálfum huga. Það er líka mjög eftirtektarvert, að Jesús tekur fram, að fleiri en einn þurfi að vera, ef sambands við hann eigi að geta notið. Jesús gerði kraftaverk — nema þar sem menn „trúðu ekki á hann“, sbr. kaflann „Saga Jesú“ í Framnýal — Swedenborg gat ekki gert kraftaverk — eða þá aðeins lítillega í samanburði við Jesú — en hann lýsti „andaheiminum“ af „eigin sjón og heyrn“ betur en nokkur hafði gert áður. Ég get hvorki gert kraftaverk, né heldur hefi ég þesskonar samband við „andaheiminn“ — þ. e. líf á öðrum jarðstjörnum — sem Swedenborg hafði. En hvorttveggja mundi verða, og að vísu betur en áður hefir verið, ef ég gæti stuðst við hugarfar nokkurs mannfjölða, sem kynni að meta sannleikann eins og þarf.

Og má ekki af þessum orðum álykta, að ég vanþakki þeim ekki fáu, sem vakið hafa aðdáun mína með því að láta sér skiljast, að ritgerðum mínum sé þó nokkur gaumur gefandi. En traustið er ekki nóg, og mennirnir ef til vill of fáir.

Það hefir verið talað svo mikið um trú, og af svo miklum vanskilningi, að því er mér virðist. Það er mála sannast, að traustið á sannleikanum er mjög áríðandi, en hitt hefir vilj-að verða útundan, að brýna fyrir mönnum hversu hættulegt það er, að treysta því sem ekki er sannleikur.

Horfurnar eru nú þannig hér á jörðu, að engum er láandi þó að hann sé vondaufur um að þeim sannleika, sem mundi færa mannkyninu ævarandi frið, muni sigurs auðið verða. En hvernig sem fer hér á jörðu, þá munu menn komast að raun um það, þegar þeir eru fluttir til annarrar jarðar, að það mun skipta mjög í tvö horn um viðtökurnar fyrst í stað, hvort þeir hafa metið mín orð nokkurs eða ekki. Mér hefir þótt gaman að sjá, hversu ótvíræðlega hinn ágæti Tiny hefir tekið þetta fram í bókinni *The Witness* (Vitnið), sem ræki-lega hefir verið getið hér áður. En efni bókarinnar er fyrst og fremst tilraun framlíðins til að segja frá því, að í vændum sé þýðingarmeiri fræðsla um lífið, og þá sérstaklega lífið eftir dauðann, en áður hafi fram komið.

Svo segir Tiny (s. 206): „But to those who are ready and willing to accept the teaching ... remains a welcome far exceeding anything they can imagine, when they come over to this side.“: „En þeirra, sem af fúsu geði og góðri greind þiggja fræðsluna (um lífið eftir dauðann) bíða, þegar yfir-um kemur, viðtökur, sem tak a langt fram öllu því, sem þeir hafa getað gert sér í hugarlund.“

Og er að vísu ekkert trúlegra en það, að mjög miklu hljóti að skipta, hvort þeir sem komnir eru á annan hnött, hafa gert sér svo alrangar hugmyndir um þennan flutning, að þeir viti ekki einu sinni, að þeir eru komnir til annarrar jarðar; eða þeir hafa fengið þá fræðslu, sem nægir til að átta sig á aðalatriðum, og geta því undireins náð sambandi við þá, sem reiðubúnir eru til að veita þeim hinár bestu viðtökur. En það er það sem hinir geta ekki.